

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 769/1997, um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

1. gr.

3. tölul. 2. gr. orðast svo:

3. *Vöruþróunar- og markaðsdeild*: Deildin veitir framlög til vöruþróunar- og markaðs- aðgerða. Verkefnisstjórn vöruþróunar- og markaðsdeildar ráðstafar verkefnafé deildarinnar og getur í samráði við stjórn Nýsköpunarsjóðs ákveðið að árlegt ráðstöfunarfé sé ekki bundið við ávöxtun höfuðstóls deildarinnar. Kveðið er á um starfsemi deildarinnar í reglum sem stjórn Nýsköpunarsjóðsins setur og viðskiptaráðherra staðfestir.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 6. maí 1999.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Pórður Friðjónsson.*

Nr. 311

## REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar  
og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1998.

**Rekstrarreikningur fyrir árið 1998.**

<b>Tekjur</b>		kr.
Vextir af bankainnstæðum .....		<u>3.091,11</u>
		3.091,11
<b>Gjöld</b>		
Fjármagnsskattur .....		307,00
Tekjur umfram gjöld .....		<u>2.784,11</u>
		3.091,11
	<b>Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1998.</b>	
<b>Eignir</b>		
Bankainnstæður .....		<u>62.165,16</u>
		62.165,16
<b>Skuldir</b>		
<i>Höfuðstólsreikningur:</i>		
Hrein eign pr. 1. janúar 1998 .....	kr.	59.381,05
Hreinar tekjur árið 1998 .....	kr.	2.784,11
		<u>62.165,16</u>
		62.165,16

*Samgönguráðuneytinu, 5. maí 1999.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**